



Borgarráð

Samþykkt skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs um úrbætur í skólaþjónustu

Á fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs þann 18. júní 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og velferðarráðs um úrbætur í skólaþjónustu, ásamt fylgiskjöllum:

Lagt er til að:

- Fjölgað verði um fjögur stöðugildi í skóla- og frístundaþjónustu, það er a.m.k. þrjá talmeinafræðinga og einn sérfræðing eftir þörfum til að mæta mikilli þörf, sérstaklega í tengslum við málþroskavanda sem oft liggur að baki öðrum greiningum. Tveir sérfræðingar hefji störf þegar frá hausti 2025.
- Fjölgað verði um fjögur stöðugildi sálfræðinga til að styrkja snemmtæka íhlutun, svara ákalli heilbrigðisgeirans eftir frumgreiningum og auka viðveru í skólum. Tveir sérfræðingar hefji störf þegar frá hausti 2025.
- Fræðsla fyrir foreldra og kennara verði styrkt með reglubundnum, stuttum og aðgengilegum námskeiðum sem Keðjan mun hafa milligöng um, t.d. um uppeldistækni, málþroska og líðan. Námskeið hefst frá hausti 2025.

Áætlaður kostnaður vegna tillögunnar er 146 m.kr. á ári frá og með árinu 2026, þar af 64 m.kr. vegna fjölgunar talmeinafræðinga, 68 m.kr. á ári vegna fjölgunar sálfræðinga og 14 m.kr. á ári vegna fræðslu foreldra og kennara. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun sviðanna. Áætlaður kostnaður vegna ársins 2025 verði samtals 26,7 m.kr. en lagt er til að í september verði strax fjölgað um tvo sálfræðinga (10,7 m.kr.) og tvo talmeinafræðinga (11,3 m.kr.) og að fræðsla hefjist jafnframt á sama tíma (4,7 m.kr.). Kostnaður rúmast ekki innan fjárheimilda sviðanna.

Greinargerð fylgir tillögunni. MSS24030028.

Tillagan var samþykkt. Tillögunni sem snýr að verkefnum vegna ársins 2025 var vísað til borgarráðs. Kostnaður vegna ársins 2026 fer til umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Samstarfsflokkar í velferðaráði og skóla- og frístundaráði þakka starfshópnum fyrir ítarlega og faglega vinnu við úttekt á skólaþjónustu og tillögugerð um úrbætur. Við tökum undir alvarleika þess að börn bíði eftir aðstoð sálfræðinga og talmeinafræðinga. Skortur á snemmtækri íhlutun getur haft víðtæk neikvæð áhrif á líðan og námsframvindu barna. Við fögnum þeim tillögum sem lagðar eru fram um fjölgun sérfræðinga og aukna viðveru í skólum. Það er brýnt að byggja upp samfellda og aðgengilega þjónustu þar sem snemmtækri íhlutun og stuðningi er beitt í samræmi við markmið Betri borgar fyrir börn og farsældarlögin. Unnið verði að samræmingu verklags milli miðstöðva, tryggt verði að ráðstöfun stöðugilda taki mið af lýðfræðilegum og staðbundnum aðstæðum. Með markvissum aðgerðum,





aukinni fræðslu og skýrri forgangsroðun getum við dregið úr biðlistum og veitt börnum betri þjónustu. Við leggjum áherslu á að fylgst verði grannt með framgangi aðgerðanna, unnið verði áfram af festu og ábyrgð að umbótum í þágu allra barna í borginni. Í ljósi þess telja samstarflokarnir mikilvægt að hugað verði að markvissari samvinnu og samþættingu skipulegs íþrótta- og tómstundastarfs í farsæld barnsins inn í verklag farsældar þannig að sá þáttur í lífi barnsins verði unninn samhliða öðrum þáttum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er stytta biðlista barna eftir þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga. Af þeim ástæðum styðja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins á sameiginlegum fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs að fjármagn verði aukið til að bæta þessa sérfræðiþjónustu við börn. Fyrir liggur að töluverður skortur er á talmeinafræðingum og sálfræðingum. Fyrir borgina kæmi það sennilega sterkt út að bjóða út þjónustu af þessu tagi í formi rammamanna við viðeigandi sérfræðinga. Á þann hátt fengist væntanlega fjölbreyttara úrval sérfræðinga sem sinna þjónustunni ásamt því að auðveldara yrði að stýra þjónustustigi eftir þörfum á hverjum tíma.

Fulltrúar Framsóknar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Framsóknar þakka góða kynningu á stöðu mála. Það er augljóst að leita þarf allra leiða til þess að vinna á þeim biðlistum sem safnast hafa upp yfir tíma. Gangi ráðningar sérfræðinga til starfa ekki eftir þarf að tryggja að gerðir verði rammamannar við þá aðila sem veita sálfræði- og talmeinaþjónustu. Börnin þurfa að vera í forgangi.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarasdóttir

Sviðsstjóri velferðarsviðs

Steinn Jóhannsson

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs um úrbætur í skólaþjónustu, lögð fram á fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs 18. júní 2025.

Skýrsla starfshóps um úrbætur í skólaþjónustu, dags. 11. júní 2025.

Erindisbréf starfshóps um úrbætur í skólaþjónustu, dags. 19. maí 2025.



Reykjavík



Reykjavík, 13. júní 2025

MSS24030028

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð og skóla- og frístundaráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Efni tillögu: Úrbætur í skólaþjónustu

Lagt er til að:

- Fjölgað verði um fjögur stöðugildi í skóla- og frístundaþjónustu, það er a.m.k. þrjá talmeinafræðinga og einn sérfræðing eftir þörfum til að mæta mikilli þörf, sérstaklega í tengslum við málproskavanda sem oft liggur að baki öðrum greiningum. Tveir sérfræðingar hefji störf þegar frá hausti 2025.
- Fjölgað verði um fjögur stöðugildi sálfræðinga til að styrkja snemmtæka íhlutun, svara ákalli heilbrigðisgeirans eftir frumgreiningum og auka viðveru í skólum. Tveir sérfræðingar hefji störf þegar frá hausti 2025.
- Fræðsla fyrir foreldra og kennara verði styrkt með reglubundnum, stuttum og aðgengilegum námskeiðum sem Keðjan mun hafa milligöng um, t.d. um uppeldistækni, málproska og líðan. Námskeið hefjist frá hausti 2025.

Áætlaður kostnaður vegna tillögunnar er 146 m.kr. á ári frá og með árinu 2026, þar af 64 m.kr. vegna fjölgunar talmeinafræðinga, 68 m.kr. á ári vegna fjölgunar sálfræðinga og 14 m.kr. á ári vegna fræðslu foreldra og kennara. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun sviðanna. Áætlaður kostnaður vegna ársins 2025 verði samtals 26,7 m.kr. en lagt er til að í september verði strax fjölgað um tvo sálfræðinga (10,7 m.kr.) og tvo talmeinafræðinga (11,3 m.kr.) og að fræðsla hefjist jafnframt á sama tíma (4,7 m.kr.). Kostnaður rúmast ekki innan fjárheimilda sviðanna.

Greinargerð:

Forsaga:

Þann 19. júní 2024 samþykkti velferðarráð að stofna stýrihóp til að rýna biðlista barna og ungmenna eftir skólaþjónustu. Þann 17. nóvember sama ár skilaði stýrihópurinn skýrslu til velferðarráðs með fjölda tillagna um úrbætur í skólaþjónustu. Ein af þeim tillögum var að fjölga sérfræðingum í skólakerfinu, s.s. talmeinafræðingum, sálfræðingum og hegðunarráðgjöfum og var sú tillaga lögð fram af meirihlutanum í borgarstjórn 4. mars 2025 í fyrstu aðgerðaáætlun Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna. Tillagan, SPJFV-10, um bættar starfsaðstæður í leik- og grunnskólum var samþykkt í borgarstjórn en hún hljóðar svo:

„Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að gera tillögur um fjölgun sérfræðinga í skólakerfinu eins og talmeinafræðinga og sálfræðinga, greina hvar helst er þörf á slíkum stuðningi og gera kostnaðar- og tímasetta áætlun sem miðar að því að þjónusta verði í boði frá og með næsta skólaári.“



Reykjavík



Greinargerð

Byggt er á skýrslu stýrihóps um rýningu á biðlista barna og ungmenna eftir sálfræðipjónustu miðstöðva og mat á framkvæmd þjónustunnar. Markmiðið er að stytta biðlista barna eftir skólaþjónustu og bregðast við sem fyrst með stuðningi við börn og foreldra.“

Til að bregðast við skýrslu stýrihópsins og þeirri tillögu sem meirihlutinn vísaði sérstaklega til skóla- og frístundaráðs, var samþykkt í velferðarráði 19. mars 2025 og í skóla- og frístundaráði 24. mars 2025 að setja á fót starfshóp með fulltrúum velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs til að fara yfir og kostnaðarmeta þær tillögur sem komu fram í skýrslu stýrihópsins sem og að gera tillögur um fjölgun sérfræðinga í skólakerfinu á grundvelli þeirrar tillögu sem samþykkt var í borgarstjórn 4. mars 2025.

Starfshópur um tillögur til úrbóta í skólaþjónustu.

Starfshópur um tillögur til úrbóta í skólaþjónustu tók til starfa strax að loknum fundi á grundvelli erindisbréfs sviðsstjóra SFS og VEL og var frestur til skila á lokaskýrslu 1. júní 2025. Hákon Sigursteinsson var formaður starfshópsins og er skýrsla hópsins meðfylgjandi. Ofangreind tillaga byggir á niðurstöðum starfshópsins.

Kostnaðarmat

Áætlaður kostnaður vegna tillögunnar er 146 m.kr. á ári frá og með árinu 2026, þar af 64 m.kr. vegna fjölgunar talmeinafræðinga, 68 m.kr. á ári vegna fjölgunar sálfræðinga og 14 m.kr. á ári vegna fræðslu foreldra og kennara. Ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim kostnaði í fjárhagsáætlun sviðanna.

Áætlaður kostnaður vegna ársins 2025 verði samtals (26,7 m.kr. en lagt er til að í september verði strax fjölgað um tvo sálfræðinga (10,7 m.kr.) og tvo talmeinafræðinga (11,3 m.kr.) og að fræðsla hefjist jafnframt á sama tíma (4,7 m.kr.). Kostnaður rúmast ekki innan fjárheimilda sviðanna.

Fylgiskjöl:

Skýrsla starfshóps um úrbætur í skólaþjónustu, dags. 11. júní 2025.

Erindisbréf starfshóps um úrbætur í skólaþjónustu, dags. 19. maí 2025.



Reykjavík



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð og velferðarráð

Sendandi: Starfshópur um tillögur til úrbóta í skólaþjónustu

Inngangur

Þessi greinargerð greinir frá tillögum um úrbætur í skólaþjónustu. Sameiginlegur starfshópur og skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs var settur á laggirnar í mars 2025 af sviðsstjórum beggja sviða með það að markmiði að rýna og kostnaðarmeta tillögur stýrihóps um rýningu biðlista eftir sálfræði- og talmeinaþjónustu í miðstöðvum. Hópurinn hafði einnig það hlutverk að gera tillögur að fjölgun sérfræðinga og úthlutun stöðugilda eftir þörfum barna í hverfum borgarinnar með hliðsjón af lýðfræðilegum þáttum.

Tillögurnar eru unnar af starfshópi samkvæmt erindisbréfi dags. 19. maí 2025 (fylgiskjal 1). Erindisbréf starfshóps um eftirfylgni tillagna stýrihóps um tillögur til úrbóta á skólaþjónustu kveður á um að tillögur skuli kynntar og afgreiddar af báðum ráðum eigi síðar en 1. júní 2025. Starfshóp skipa; Hákon Sigursteinsson, verkefnastjóri farsældar, formaður hópsins, Arndís Steinþórsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskólamála á skrifstofu SFS, Dröfn Rafnsdóttir, deildarstjóri Miðju máls og læsis, Edda Sif Gunnarsdóttir, teymisstjóri barna og fjölskyldna, Norðurmiðstöð, Elísabet Helga Pálmadóttir, fagstjóri leikskólamála í Suðurmiðstöð, Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Brúarinnar í Austurmiðstöð, Heiða Hraunberg Þorleifsdóttir, teymisstjóri Vesturmiðstöð og Sigprúður Erla Arnardóttir, skrifstofustjóri skrifstofu ráðgjafar á VEL.

Settir voru á laggirnar vinnuhópar með það að markmiði að greina stöðu biðlista, meta þjónustuúrræði og móta tillögur að úrbótum.

Hópurinn hefur fundað níu sinnum, unnið drög að skýrslu.

Hlutverk:

Meginhlutverk starfshópsins er að kostnaðarmeta þær tillögur sem koma fram í skýrslu stýrihóps um rýningu biðlista og gera grein fyrir niðurstöðum fyrir báðum ráðum. Gera tillögur um fjölgun sérfræðinga í skólakerfinu, eins og talmeinafræðinga og sálfræðinga, hegðunarráðgjafa, o.fl. greina hvar helst er þörf á slíkum stuðningi og gera kostnaðar- og tímasetta áætlun sem miðar að því að þjónusta verði í boði frá og með næsta skólaári.







Núverandi staða: Þjónustupörf barna

Samkvæmt gögnum frá 1. júní 2025 sjá mynd sem sýnir bið eftir þjónustu tilgreindra sérfræðinga bíða flest börn eftir þjónustu hjá sálfræðingum (1019) og talmeinafræðingum (587). Þar á eftir koma hegðunarráðgjafar (85), félagsráðgjafar (73) og kennsluráðgjafar (48). Þörfin fyrir sérfræðiaðstoð sálfræðinga og talmeinafræðinga er greinilega mest og mikilvægt að geta mætt þeim börnum snemma í ferlinu.

Fjöldi barna eftir tegund ráðgjafar



Fjöldi barna eftir miðstöðvum og aldurshópum



Myndin sýnir skýrt að Austurmiðstöð hefur flest börn í öllum aldurshópum, en jafnframt að fjöldinn er misjafn milli hverfa. Í dag sýnir það sig að skipting ráðgjafa miðstöðvanna samræmist ágætlega lýðfræðilegum breytum hverfanna sem stuðull LOI inniheldur. En það þarf að skoða fleiri atriði og dreifing stöðugilda ráðgjafa miðstöðvanna verður útfærð með tilliti til eftirfarandi breyta; lýðfræðibreyta skóla (LOI), barna-/nemendafjölda í skólum og hlutfalli af fjölda stofnana sem skólaþjónustan nær til í hverfunum. En eftir á að taka ákvörðun um hlutfallsleg gildi ofangreindra breyta. Væntanlegt framhald af vinnu hópsins mun fjalla um þær ákvarðanir.



Reykjavík




Lokaorð:

Starf stýrihópsins um rýningu biðlista og í framhaldinu þessa starfshóps hófst í kjölfar vaxandi áhyggja af sífelldum lengri biðlistum barna eftir sérfræðiaðstoð skólaþjónustu, einkum sálfræðinga og talmeinafræðinga. Markmið hópsins var að greina ástæður þessa ástands og leggja til skýrar og framkvæmanlegar aðgerðir sem miða að því að stytta biðtíma barna og bæta þjónustuferlið. Í ljós kom að víða skorti á eftirfylgni og úrvinnslu mála samkvæmt verklagi verkefnisins Betri borg fyrir börn. Málsmeðferð í fyrri stigum var ekki fullnýtt, skráning misvísandi og úrræði sem stóðu til boða ekki nýtt að fullu.

Til framtíðar er ljóst að efla þarf lausnateymi, samræma verklag milli miðstöðva og fjölga sérfræðingum í grunn- og leikskólum. Sérstök áhersla er lögð á aukna viðveru talmeinafræðinga og sálfræðinga í skólum og fræðslu til foreldra. Með þessum aðgerðum má tryggja snemmtæka og heildstæða þjónustu, draga úr fjölda óþarfa beiðna og stytta verulega þann tíma sem börn þurfa að bíða eftir skólaþjónustu. Segja má að breytingar í kjölfar Betri borgar fyrir börn séu að skila sér þegar tekið er tillit til erinda sem berast miðstöð frá skólum. Á meðfylgjandi mynd, tekin úr gagnahlaðborði borgarinnar má sjá að á covidtíma fjölgaði erindum. Frá árinu 2023 hefur beiðnum fækkað og sömu vísbendingar eru fyrir árið 2025.

Fjöldi erinda og fjöldi barna með erindi



2024

■ Fjöldi erinda: 2.569

■ Fjöldi barna: 2.047

Hlaða niður

Samþættari og markvissari vinnubrögð, áhersla á snemmtæka og heildstæða þjónustu samfara Betri borg fyrir börn og innleiðingu farsældarlaga eru þar lykilþættir. En nauðsynlegt er að fylgjast grannt með þeirri þróun næstu mánuði og ár.



Reykjavík



Tillögur um fjölgun stöðugilda

Miðað við fyrirbyggjandi gögn og greiningu starfshóps var það ákvörðun hans að leggja til fjölgun þeirra ráðgjafa sem hafa mesta bið eftir þjónustu. Strax í haust frá september til desember yrði fjölgað um tvo sálfræðinga og tvo talmeinafræðinga, samtals 1/6 af upphæð sem nefnd er hér fyrir neðan. Kostnaðarmat fyrir tvo sálfræðinga væri þá 11,3 milljónir fyrir árið 2025, og kostnaður fyrir tvo talmeinafræðinga þá 10,67 milljónir fyrir árið 2025. Áætlaður kostnaður vegna námskeiða fyrir foreldra kosti 4,7 m.kr. á árinu 2025.

Á næsta fjárhagsári yrði lagt upp með eftirfarandi aðgerðir:

- Fjölgun um 4 stöðugildi í skóla- og frístundabjónustu, a.m.k. 3 talmeinafræðinga og annan sérfræðing eftir þörfum:
 - Til að mæta mikilli þörf, sérstaklega í tengslum við málþroskavanda sem oft liggur að baki öðrum greiningum.
 - Kostnaðarmat: 64 milljónir kr. á ári
- Fjölgun um 4 stöðugildi sálfræðinga:
 - Til að styrkja snemmtæka íhlutun, ákalli heilbrigðisgeirans eftir frumgreiningum og auka viðveru í skólum.
 - Kostnaðarmat: 68 milljónir kr. á ári.
- Styrking fræðslu fyrir foreldra og kennara:
 - Með reglubundnum námskeiðum, stuttum og aðgengilegum, t.d. um uppeldistækni, málþroska og líðan.
 - Ábyrgð: Keðjan.
 - Kostnaðarmat: 14 milljónir kr. á ári.



ERINDISBRÉF¹

Starfshópur um tillögur til úrbóta í skólaþjónustu

Ábyrgðarmaður: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs og Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Inngangur:

Þann 19. mars var samþykkt í velferðarráði og þann 24. s.m. í skóla- og frístundaráði að setja á fót starfshóp fulltrúa velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs til að fara yfir og kostnaðarmeta tillögur sem koma fram í skýrslu stýrihóps um rýningu biðlista frá 17. nóvember 2024 og tillögu um skólaþjónustu sem vísað var úr borgarstjórn til skóla og frístundaráðs 4. mars 2024. Tillögur verði kynntar og afgreiddar hjá velferðarráði og skóla- og frístundaráði.

Hlutverk:

Meginhlutverk starfshópsins er að

- Kostnaðarmeta þær tillögur sem koma fram í skýrslu stýrihóps um rýningu biðlista og gera grein fyrir niðurstöðum fyrir báðum ráðum.
- Gera tillögur um fjölgun sérfræðinga í skólakerfinu, eins og talmeinafræðinga og sálfræðinga, hegðunarráðgjafa, o.fl. greina hvar helst er þörf á slíkum stuðningi og gera kostnaðar- og tímasetta áætlun sem miðar að því að þjónusta verði í boði frá og með næsta skólaári.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Rýna og kostnaðarmeta tillögur skýrslu stýrihóps um rýningu biðlista.
- Rýna tillögu um fjölgun sérfræðinga í skólakerfinu, svo sem talmeinafræðinga og sálfræðinga og annarra sérfræðinga eins og við á.
- Rýna og koma með tillögur um skiptingu stöðugilda á milli miðstöðva út frá starfsemi, fjölda starfseininga og lýðfræðilegra breyta í umhverfi barna.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Hákon Sigursteinsson, verkefnastjóri farsældar, sem jafnframt er formaður hópsins

Arndís Steinþórsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu grunnskólamála á skrifstofu SFS

Dröfn Rafnsdóttir, deildarstjóri Miðju máls og læsis.

Edda Sif Gunnarsdóttir, teymisstjóri barna og fjölskyldna, Norðurmiðstöð

Elísabet Helga Pálmadóttir, fagstjóri leikskólamála í Suðurmiðstöð

Haraldur Sigurðsson, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Brúarinnar í Austurmiðstöð,

Heiða Hraunberg Þorleifsdóttir, teymisstjóri Vesturmiðstöðvar

Sigprúður Erla Arnardóttir, skrifstofustjóri skrifstofu ráðgjafar á VEL

Haukur Þór Haraldsson fulltrúi fjármálaþjónustu SFS og Bjarki Hermannsson fulltrúi fjármálaþjónustu VEL vinna með hópnum eftir þörfum vegna kostnaðarmats tillagna.

¹ Erindisbréf skulu gerð í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa:

http://reykjavik.is/sites/default/files/reglur_reykjavikurborgar_um_starfs-og_styrihopa.pdf. Einnig er ráðlegt að fylla út eyðublaðið Skilgreining verkefnis áður en erindisbréf er gefið út í því skyni að skilgreina og afmarka verkefnið með fullnægjandi hætti.

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Enginn starfsmaður er sérstaklega skipaður til að vinna með starfshópnum en fulltrúar hópsins skipta með sér ritun fundargerða eftir ákvörðun formanns.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmönnum kostnaðarmetnum tillögum fyrir 1. júní 2025.

Reykjavík, 19.5.2025

Rannveig Einarsdóttir
Steinn Jóhannsson

Hjálagt:

Skýrsla stýrihóps um rýningu biðlista í skólaþjónustu frá 17. nóvember 2024

Minnisblað sviðsstjóra velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs frá 17. mars 2025

Tilkynning um afgreiðslu í borgarstjórn 4. mars 2025 - Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Pírata, Sósíalistaflokks Íslands, Flokks fólksins og Vinstri grænna um skólaþjónustu sem var vísað til skóla- og frístundaráðs.